

Ed.

106. Nefndarálit

[81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er samþykkt meginefni frv., en þykir rétt að orða skýrar síðustu máls- grein 1. gr., sem fjallar um laun, ferðakostnað og húsnæði prests þess, sem ætlazt er til að ráða samkv. frv.

Til nefndarinnar var einnig vísað frv. um breytingu sömu laga, þess efnis að ákveða, að tveir þjónandi prestar skuli vera í Vestmannaeyjum. Nefndin er því einnig efnislega samþykkt, en telur rétt að fella efni þess inn í þetta frv. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Í stað „40.“ (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

2. Við 1. gr. (verður 2. gr.). Síðasta málsgr. orðist svo:

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla, er hann þjónar, skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsa- leiga þar, sem hann býr ekki í embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Alþingi, 8. nóv. 1955.

Ingólfur Flygenring,
form., frsm.

Andrés Eyjólfsson,
fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Bernh. Stefánsson.